

Ársskýrsla Sagnfræðistofnunar Háskóla Íslands 2018

Stjórn Sagnfræðistofnunar og embætti

Ný stjórn Sagnfræðistofnunar var kosin á ársfundi 2018 og er hún skipuð eftirtöldum: Guðmundur Jónsson prófessor, forstöðumaður, Sumarliði R. Ísleifsson, dósent, Steinunn J. Kristjánsdóttir prófessor og Bragi Þ. Ólafsson, fulltrúi doktorsnema. Kjörtímabil þeirra er þrjú ár samkvæmt reglum. Bragi var kjörinn í stjórn 2017 og situr því til 2020. Stjórnin hélt þrjá fundi á árinu 2018.

Forstöðumaður er fulltrúi Sagnfræðistofnunar í stjórn Hugvísindastofnunar.

Sigurður Gylfi Magnússon er formaður stjórnar Miðstöðvar einsögurannsókna sem er hluti af Sagnfræðistofnunar Háskóla Íslands.

Sigurður Gylfi Magnússon situr fyrir hönd Sagnfræðistofnunar í fagráði Miðstöðvar munnlegrar sögu, varamaður er Erla Hulda Halldórsdóttir. Guðmundur Jónsson er fulltrúi Sagnfræðistofnunar í stjórnarnefnd Þjóðskjalasafns Íslands og fulltrúi stofnunar í Sjóði dr. Björns Þorsteinssonar.

Landnefnd sagnfræðinga hefur verið endurnýjuð. Hún er skipuð Guðmundi Jónssyni og Sumarliða R. Ísleifssyni fyrir hönd Sagnfræðistofnunar, Hrefnu Róbertsdóttur og Ólafi Arnari Sveinssyni fyrir hönd Þjóðskjalasafns Íslands og Sverri Jakobssyni og Írisi Gyðu Guðbjargardóttur fyrir hönd Sagnfræðingafélags Íslands. Landsnefndin sér um alþjóðleg samskipti, einkum við International Committee of Historical Sciences (ICHS), heimssamtök sagnfræðinga, og norrænu sagnfræðingasamtökin.

Félagar

Fornleifafræði: Gavin Murray Lucas, prófessor; Orri Vésteinsson, prófessor; Steinunn J. Kristjánsdóttir, prófessor.

Sagnfræði: Erla Hulda Halldórsdóttir dósent, Guðmundur Hálfðanarson prófessor, Guðmundur Jónsson prófessor, Kristjana Kristinsdóttir lektor, Már Jónsson prófessor, Ragnheiður Kristjánsdóttir prófessor, Sigurður Gylfi Magnússon prófessor, Sverrir Jakobsson prófessor, Valur Ingimundarson prófessor og Viðar Pálsson dósent.

Hagnýt menningarmiðlun: Sumarliði R. Ísleifsson lektor, Halla Kristín Einarsdóttir aðjunkt og Sigurjón Ólafsson aðjunkt.

Prófessorar emeriti í sagnfræði: Anna Agnarsdóttir, Gísli Gunnarsson, Gunnar Karlsson, Helgi Þorláksson, Ingi Sigurðsson, Sveinbjörn Rafnsson og Þór Whitehead.

Doktorsnemar: Björn Reynir Halldórsson, Dalrún Jóhannesdóttir, Sólveig Ólafsdóttir, Hrafnkell Lárusson, Joe Wallace Walser og Finnur Jónasson.

Sérfræðingur hjá Sagnfræðistofnun: Árni Daníel Júlíusson.

Rannsóknir kennara

Anna Agnarsdóttir vann að ritstjórn *Brevis commentarius* eftir Arngrím lærða og rannsókn á samskiptum Frakka og Íslendinga á 18. öld. Hún flutti tvo fyrirlestra, annan um hugmyndir ferðamanna um kurteisi og gestrisni Íslendinga á 18. og 19. öld, og hinn um samskipti Frakka og Breta við Ísland á 18. öld.

Erla Hulda Halldórsdóttir vann að RANNÍS-verkefninu „Í kjölfar kosningaréttar. Félags- og menningarsöguleg rannsókn á konum sem pólitískum gerendum 1915-2015“, ásamt samstarfsfólki. Hún hélt fyrirlestur um konur sem sögulega gerendur við Edinborgarháskóla, erindi um húsmæður um 1950 á norræna kvennasögu þinginu í Oulu í Finnlandi og erindi um húsmæður á alþjóðlegri kvennasöguráðstefnu (IFRWH) í Vancouver í Kanada, auk nokkurra erinda innanlands. Hún birti grein um íslenska kvenna- og kynjasögu í alþjóðlegu samhengi í *Women's History Review*, aðra um kvenhetjur og þjóðhetjur í *Skírni* (vor), auk smærri greina í t.d. Hugarás og á Vísindavefnum. Erla Hulda var ritstjóri tímaritsins *Sögu*.

Guðmundur Hálfðanarson stýrði NOS-HS rannsóknarverkefninu „The Power of Narratives: Democracy and Media in Political Turmoil“, með þátttöku fræðimanna frá Finnlandi, Svíþjóð, Portúgal og Bretlandi, auk Íslands. Hann var í ritstjórn bókarinnar *Frjálst og fullvalda ríki. Ísland 1918–2018* sem kom út í tilefni aldarafmælis fullveldis á Íslandi, og átti eina grein þar um sögu fullveldishutgaksins. Guðmundur hélt fyrirlestra í Álaborg, Árósum, Ísafirði, Kaupmannahöfn, Köln og Reykjavík.

Guðmundur Jónsson vann við RANNÍS-verkefnið „Undirstöður landbúnaðarsamfélagsins: Fjölskylda og heimilisbúskapur á Íslandi í byrjun 18. aldar“; auk þess tók hann þátt í tveim norrænum verkefnum: „The Changing Meanings of the Welfare State“, og „Nordic routes to “Weberian” bureaucracy“. Guðmundur birti grein um lýðræðishugmyndir Íslendinga í greinasafninu *Íslenskt lýðræði. Starfsvenjur gildi og skilningur*, og markaði útkoma

bókarinnar lok verkefnisins. Guðmundur ritstýrði ásamt öðrum tveim bókum, *Frjálst og fullvalda ríki og Nýju Helgakveri* og átti grein í báðum ritum, aðra um fullveldið á bernskuskeiði íslenska ríkisins, hina um hungursneyð á Íslandi 1859–1862. Guðmundur flutti sjö erindi innanlands, tvö í Belfast og eitt í Dublin.

Helgi Þorláksson hélt níu fyrirlestra í Reykjavík, Borgarnesi og Los Angeles. Má þar nefna „Um upptök þýskrar verslunar á Íslandi“, „Guðmundur góði og klaustrið í Saurbæ“ og „Inlaws and Outlaws. The State, Revenge and Sagas“. Helgi ritstýrði ásamt Guðrúnu Sveinbjarnardóttur bókinni *Snorri Sturluson and Reykholt*, og ritar þrjá kafla hennar. Þá birti hann greinina „Atrocious Icelanders vs. Basques. Unexpected violence or not?“, í *Jón Guðmundsson‘ lærði’s True Account and the Massacre of Basque Whalers in Iceland in 1615*.

Kristjana Kristinsdóttir vann að rannsóknaverkefninu „Lénið Ísland 1541-1683.

Valdsmenn á Bessastöðum og skjalasafn þeirra“. Hún birti grein um hreppsstjóra og skjalasöfn þeirra í tímaritinu *Sögu*, og flutti erindi á Norrænum skjaladögum í Reykjavík og annað á Hugvísindapíngi

Gavin Lucas hélt áfram fornleifarannsókn á Móakoti á Seltjarnarnesi frá 17. öld. hann flutti erindi á ýmsum málstofum og ráðstefnum, m.a. í Nairobi, Aberdeen, Boston og Cambridge. Hann birti greinar í nokkrum safnritum og tímaritum.

Már Jónsson tók þátt í rannsóknaverkefninu „Heimsins hnoss: Söfn efnismenningar, menningarafur og merking“. Hann gaf út þrjár bækur á árinu, *Jón Thoroddsen, Piltur og stúlka; Þessi sárfátæka sveit. Lausafjäreign í Grindavík og Krísvík árin 1773–1824; og Undur yfir dundu. Frásagnir af Kötlugosum 1625-1860*. Hann birti ritdóm í *Sögu* og hélt fyrirlestra í Reykjavík, Borgarnesi, Uppsölum og Chicago.

Orri Vésteinsson stundaði fornleifauppgröft á Hofstöðum í Mývatnssveit og á Hvatastöðum í Hrísey. Hann tók þátt í mörgum rannsóknarverkefnum, m.a. „Lífskjör á Íslandi 1100-1800 – vitnisburður Stóruborgarrannsókna“ og „Stokkar og steinar – hráefnisnotkun norrænna manna á Grænlandi“. Orri birti bókarkafla og greinar í *Challenges Facing Historic Ship Conservation: Reconstruction or Deconstruction?* og tímaritunum *Environmental Archaeology, Saga* og *Quaternary Geochronology*. Orri skipulagði ásamt öðrum afmælistálfing til heiðurs Guðmundi Ólafssyni 7. apríl 2018, fyrirlestraröðina Nýjar rannsóknir í íslenskri fornleifafræði á vormisseri og málþing vestnorrænna fornleifafræðinga í

Modalen, Hörðalandi, Noregi. Hann flutti fyrirlestra í Hveragerði, London, París, Reykjavík, Róm, Vitoria-Gasteiz, Lissabon og Modalen.

Ragnheiður Kristjánsdóttir vann að bókarhandriti og greinum tengdum RANNÍS-verkefninu „Í kjölfar kosningaréttar“. Hún tók þátt í útgáfu bókanna *Íslenskt lýðræði* og *Anti-fascism in the Nordic Countries*. Auk þess tók hún þátt í tveimur alþjóðlegum rannsóknarverkefnum: „A Cultural History of Democracy“, stýrt af fræðimönnum við Cambridge-háskóla, og norræna verkefninu „Street Politics 1870–1940“. Þá hefur hún undanfarin ár verið landsritstjóri *Scandinavian Journal of History*. Ragnheiður hélt fyrirlestra í Edinborg, Belfast, Oulu, Cambridge, Vancouver og Reykjavík.

Sigurður Gylfi Magnússon stýrði öndvegisverkefninu „Heimsins hnoss: Söfn efnismenningar, menningarafur og merking“ (RANNÍS) og stýrði ásamt öðrum öndvegisverkefninu “Fötlun fyrir tíma fötlunar”. Sigurður Gylfi birti greinina “What Takes Place, When Nothing Happens?” í *Scripta Islandica*. Hann er einn af ritstjórum Sýnisbókar íslenskrar alþýðumenningar en gefnar voru út tvær bækur á árinu 2018 í þeirri ritröð. Hann er annar tveggja ritstjóra í nýrri alþjóðlegri bókaröð sem nefnist *Microhistories* hjá Routledge og kom sú fyrsta út á árinu. Sigurður Gylfi flutti þrjá fyrirlestra á árinu, einn í Reykjavík og tvo í Stavanger.

Sumarliði Ísleifsson gaf út tvær bækur: *Engin venjuleg verslun. Saga Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins í 90 ár* ásamt Hildigunni Ólafsdóttur og Sverri Jakobssyni, og *Deux îles aux confins du monde. Island et Groenland*. Sumarliði skipulagði alþjóðlega ráðstefnu á Ísafirði ásamt öðrum, “Hvernig grannar erum við?, og flutti þar erindi sem nefndist „Hvað geta myndirnar frá Grænlandsheimsókninni árið 1925 sagt okkur?“ Fjögur önnur erindi flutti Sumarliði, í Reykjavík, Orkneyjum og Montreal. Þá setti Sumarliði upp sýninguna „Grænlendirar á Ísafirði árið 1925“ í Safnahúsinu á Ísafirði í samstarfi við Safnahúsið.

Steinunn Kristjánsdóttir stjórnaði uppgrefti á rústum Þingeyraklausturs í júní og úrvinnslu ganga þaðan til áramóta árið 2018. Hún stjórnaði einnig rannsókn á aftökum eftir siðaskipti á Íslandi og fór í fimm vettvangsferðir innanlands vegna hennar. Hún birti fimm greinar í ritrýndum tímaritum á árinu, ýmist ein eða með doktorsnemum sínum og samstarfsfólki. Tímaritin eru *Science*, *International Journal of Osteoarchaeology*, *Environmental Archaeology*, *Early Music* og *Læknablaðið*. Steinunn flutti ellefu fyrirlestra hérlendis og erlendis um rannsóknir sínar, þám. í Barcelona, auk þess að skipuleggja og stjórna málstofu þar.

Sverrir Jakobsson gaf út tvær bækur á árinu, *Kristur saga hugmyndar og Engin venjuleg verzlun. Saga Áfengis- og tóbaksverzlunar ríkisins í 90 ár*, hina síðari með Sumarliða R. Ísleifssyni og Hildigunni Ólafsdóttur. Hann birti sex fræðigreinar og bókarkafli, þám. „Hin sársaukafullu siðaskipti“ í tímaritinu *Sögu*, „Saints and Politicians. The Bishops of Hólar in Troubled Times“ í *Viking and Medieval Scandinavia*, „Kennileiti sjálfsmýndar. Miðaldaorðræðan um Aðalstein Englandskonung“ í *Griplu* og „Reykholt as a Centre of Power 3. Regional Power Centres“ í *Snorri Sturluson and Reykholt*. Sverrir hélt sjö erindi á árinu, þám. eitt í Veliko Tarnovo í Búlgaríu.

Valur Ingimundarson stýrði ásamt öðrum tveim rannsóknarverkefnum, „Reimagining Norden in an Evolving World“ og MAREC (Arctic Security and Preparedness Network). Hann birti greinar í fjórum tímaritum og bókum, „The Geopolitics of the „Future Return“, í *The International History Review*, „Framkvæmd varnarsamningsins Íslands og Bandaríkjanna“, í *Frjálst og fullvalda ríki. Ísland 1918–2018*; „Arctic Governance in an Age of Geopolitical Anxiety“ í *Global World: Systemic Changes, Challenges and Profiles of the Future*, og „Maritime Preparedness Systems: Iceland“, í *Maritime Preparedness systems in the Arctic – institutional arrangementw and potential for collaboration*. Valur tók þátt í skipulagninu þriggja alþjóðlegra ráðstefna og hélt fyrirlestra í New York, St. Pétursborg, Dublin, Newport, Rhode Island og Reykjavík.

Viðar Pálsson tók þátt í norrænum og alþjóðlegum rannsóknarverkefnum um norræna valdasögu og kirkjusögu. Hann ritstýrði með öðrum afmælisriti, birti grein og ritdóma heima og erlendis, auk þess að halda fyrirlestra á málþingum. Hann var í skipulagsnefnd Alþjóðlegra forsnagnþingsins sem haldið var í Reykjavík og Reykholti að sumri.

Útgáfa

Útgáfustarfsemi Sagnfræðistofnunar var með minna móti árið 2018. Stofnunin gaf út eina bók, *Af hverju strái. Saga af byggð, grasi og bændum 1300–1700* eftir Árna Daníel Júlíusson. Bókin er 23. bindið í ritröð Sagnfræðistofnunar (Sagnfræðirannsóknir - Studia Historica). Ritstjórar eru Helgi Þorláksson og Már Jónsson.

Már Jónsson tók við af Helga Þorlákssyni sem ritstjóri ritraðarinnar *Sagnfræðirannsóknir - Studia Historica* og Guðmundur Jónsson er áfram ritstjóri ritraðarinnar *Ritsafn Sagnfræðistofnunar*. Lager Sagnfræðistofnunar er að mestu leyti geymdur hjá Sögufélagi og var gerður sérstakur samningur milli Sögufélags og Háskólaútgáfunnar (HÚ)

um það árið 2015. Fjárhagsleg staða útgáfunnar er allgóð. Samkvæmt fjárhagsyfirliti frá HÚ sem fylgir ársskýrslu átti Sagnfræðistofnun inni hjá HÚ 1.404.916 kr. í ársbyrjun 2019.

Ráðstefnur, málþing, fyrirlestrar og fundir

Viðburðir á vegum Sagnfræðistofnunar voru allmargir. Málþing í tilefni af útgáfu verksins *Líftaug landsins. Saga íslenskrar utanlandsverlunar 900–2010*, sem stofnunin annaðist, var haldið 10. janúar 2018 með þátttöku höfunda og annarra fræðimanna.

Málþing í minningu Björns Þorsteinssonar 20. mars 2018 í Veröld, húsi Vigdísar Finnbogadóttur, en þá voru liðin 100 ár frá fæðingu Björns. Á málþinginu voru fluttar ræður og veittur styrkur úr Sagnfræðisjóði Björns Þorsteinssonar. Hlaut Gunnar Marel Hinriksson styrk að fjárhæð 300.000 kr. fyrir MA-ritgerð sína Stjórnkerfi einveldisins á Íslandi 1662–1683.

Minningarfyrirlestur Jóns Sigurðssonar var fluttur í hátíðarsal Háskólans 23. október 2018. Að þessu sinni var Ian Hodder prófessor í fornleifafræði við Stanfordháskóla boðið að flytja fyrirlesturinn og bar hann yfirskriftina „Where are we heading? The entanglements of humans and things“. Fyrirlesturinn var haldinn í samstarfi við námsbraut í fornleifafræði.

Í nóvember stóð Sagnfræðistofnun í samstarfi við Sögufélag og Háskólann í Reykjavík að fundaröð með yfirskriftinni „Fullveldi Íslands í 100 ár: hugsjón og reynd.“ Fundarröðin tengdist útgáfu bókarinnar *Friðlát og fullvalda ríki: Ísland 1918–2018* sem Sögufélag gaf út 8. nóvember í samstarfi við Afmælisnefnd aldarafmælis sjálfstæðis og fullveldis Íslands. Haldnir voru þrjár fundir í Norræna húsinu með þátttöku fræðimanna og stjórnmalámanna með yfirskriftinni Fullveldið í reynd: „Hvaða gagn hafa Íslendingar haft af fullveldinu?“ (14. nóvember), „Fullveldi: Hvað er það?“ (21. nóvember) og „Fullveldið í hættu?“ (26. nóvember).

Í tilefni þess að hundrað ár voru liðin frá lokum fyrri heimsstyrjaldar héldu Sagnfræðistofnun og Rannsóknarsetrið EDDA alþjóðlegt málþing með yfirskriftinni „Minningin um 1918 og fullveldið: Upplausn heimsvelda, stofnun nýrra ríkja og arfleifð fyrri heimsstyrjaldar“ í Fyrirlestrarsal Þjóðminjasafns Íslands 23. nóvember 2018.

Rósa Magnúsdóttir sagnfræðingur við Háskólann í Árósum hélt fyrirlestur í Odda 3. desember er nefndist „Erkióvinir. Hugmyndafræði og áróður Sovétríkjanna í menningarstríðinu við Bandaríkin 1945 – 1959.“ Fyrirlesturinn var haldinn í samstarfi við Félag Fulbright styrkþega á Íslandi og var tilefnið nýútkomin bók Rósu, *Enemy Number One: The United States of America in Soviet Ideology and Propaganda, 1945-1959*.

Sagnfræðistofnun og Sögufélag stóðu að málþinginui *Vesæl þjóð í vondu landi?* *Goðsagnir og raunveruleiki Íslandssögunnar*, í Þjóðminjasafni þann 8. desember. Tilefnið var útkoma tveggja bóka, *Af hverju strái* eftir Árna Daníel Júlíusson, sem Sagnfræðistofnun gefur út, og *Hnignun, hvaða hnignun?* eftir Axel Kristinsson.

Bókasafn

Sagnfræðistofnun hefur keypt lítið af bókum á undanförunum árum en bót er í máli að henni hafa af og til borist góðar gjafir. Bjarni Guðnason færði safninu fyrir nokkrum árum mörg bindi sem höfðu tilheyrt bókasafni Guðna Jónssonar, einkum útgáfur fornrita og miðaldasögurit; einnig hafa safninu borist bækur úr bóksasöfnum Benedikts Gröndal og Einars Laxness.

Á árinu 2018 var gert átak í að skrá og endurraða bókasafni Sagnfræðistofnunar í Guðnastofu. Voru sagnfræðinemarnir Marín Árnadóttir, Georg Gylfason og Ragnhildur Anna Kjartandóttir fengin til aðstoðar við að skrá og kjalmerkja ómerktar bækur, og koma safninu almennt í reiðu.

Miðstöð einsögurannsókna

Miðstöð einsögurannsókna er stofa innan Sagnfræðistofnunar. Í stjórn hennar eru Sigurður Gylfi Magnússon formaður, Már Jónsson og Davíð Ólafsson. Miðstöðin gaf út tvær Sýnisbækur íslenskrar alþýðumenningar í samvinnu við Háskólaútgáfuna árið 2018. Þá er Miðstöðin gestastofnun fyrir öndvegisverkefnið „Heimsins hnoss: Söfn efnismenningar, menningarafur og merking“.

Fjármál

Fjárhagur Sagnfræðistofnunar var góður við árslok 2018 eins og sést af yfirlit um rekstur hennar 2018 sem fylgir með þessari skýrslu. Inni á reikningum stóðu 5.302.280 kr. auk þess stofnunin átti 1.404.916 kr. inneign í Háskólaútgáfu. Þessa góðu stöðu má einkum þakka ríflegu framlagi vegna rannsókna á undanförunum árum, fjárframlagi vegna *Scandinavian Journal of History* og því að ekki var greiddur út styrkur til rannsókna til fastakennara á árinu. Staðan verður ekki eins hagstæð árið 2019. Framlag *Scandinavian Journal of History* nýtur nú ekki lengur við eftir að Guðmundur Hálfðanarson lét af ritstjórn tímaritsins. Ákveðið hefur verið að greiða kennurum rannsóknastyrk fyrir bæði árin 2018 og 2019 og fellur sá kostnaður, u.þ.b. 1,2 millj kr., á árið 2019. Þá hefur úthlutunarreglum til stofnana HÍ verið breytt og er það fyrirkomulag

óhagstætt Sagnfræðistofnun eins og sá má af því að árið 2017 fékk stofnunin úthlutað 2,2 milljónum en 2018 er framlagið 1,5 milljón kr.

Tekjur námu alls 5,4 millj. kr., þar af framlög frá Hugvísindastofnun 1,5 millj kr., tekjur af útgáfustarfsemi 3,6 millj kr. og tekjur frá *Scandinavian Journal of History* 144 þús kr. Gjöld voru samtals 5,1 millj. kr. og voru helstu liðir stjórn og almennur rekstur 150 þús. kr., málþing og ráðstefnur 292 þús. kr., styrkir 1,2 millj. kr., útgáfustarfsemi 3,1 millj. kr. og gjöld vegna alþjóðlegra samskipta 189 þús. kr.

Fjárhagsyfirlit Sagnfræðistofnunar H.Í. árið 2018

| | | Staða við árslok 2017 | Staða við árslok 2018 |
|--------|---------------------------------|--------------------------|--------------------------|
| 139204 | Sagnfræðistofnun | 5.953.024 | 5.912.362 |
| 139562 | Útgáfa | -3.796.176 | -3.396.176 |
| 139409 | Scandinavian Journal of History | 2.830.780 | 2.786.094 |
| 139540 | Ráðstefnur Sagnfræðistofnunar | 0 | |
| | Alls staða stofnunar | 4.987.628 | 5.302.280 |

| SAGNFRÆÐISTOFNUN 139204 | | |
|--|------------------|------------------|
| | Tekjur | Gjöld |
| Frá Hugvísindastofnun | | |
| Fjárveiting | 1.505.234 | |
| Styrkur frá RannHug v/Snyder | 5.000 | |
| Námskeiðsgjald (eldri leiðrétting) | 26.000 | |
| Alls fjárveiting | 1.536.234 | 0 |
| Stjórn / almennur rekstur | | |
| Reikningar frá Reiknistofnun - sími | | 12.000 |
| Reikningar frá Reiknistofnun - tölvubjónusta | | 26.500 |
| Laun og launatengd gjöld (Marín Árnad., Georg Gylfason, Ragnh. A. Kjartansd.) | | 109.946 |
| Bankakostnaður | | 1.700 |
| Alls stjórn / almennur rekstur | 0 | 150.146 |
| Málþing og skyld starfsemi | | |
| Stofuleiga - Stofa í Óskju v/Seminar for Nordic University | 164.850 | |
| Veitingar v. málþingsins Vesæl þjóð | | 25.399 |
| Samsæti kennara í desember | | 3.780 |
| Salur í Þjóðminjasafni 23. okt. (lan Hodder) | | 38.000 |
| Norræna húsið (Fundaröð um fullveldi) | | 33.334 |
| Matur (lan Hodder) | | 12.050 |
| Fargjald (lan Hodder) | | 60.483 |
| Gisting (lan Hodder) | | 36.900 |
| Bjarnarþing, veitingar | | 16.242 |
| Veitingar (lan Hodder) | | 6.420 |
| Veitingar eftir fyrirlestur Rósu Magnúsdóttur | | 35.004 |
| Minningarfyrirlestur Jóns Sigurðssonar - veitingar | | 8.988 |
| Þjónustumiðstöð bókasafna | | 15.000 |
| Málþing og skyld starfsemi alls | 164.850 | 291.600 |
| Veittir styrkir | | |
| Snorri Sturluson and Reykholt | | 1.050.000 |
| Styrkur til bókar Sumarliða Ísl., Tvær eyjar á jaðrinum | | 200.000 |
| Sagnir - auglýsing | | 50.000 |
| Alls styrkir | | 1.300.000 |
| ALLS Sagnfræðistofnun (139204) | 1.701.084 | 1.741.746 |
| Gjöld umfram tekjur | | -40.662 |
| ÚTGÁFA - 139562 | | |
| Styrkur RannHug v. bóka 2017: Childhood, Líftaug | 400.000 | |
| Eggert Ólafur Ásgeirsson, greiðsla v/P. Briem (til HÚ) | 3.178.866 | 3.178.866 |
| ALLS útgáfa (139562) | 3.578.866 | 3.178.866 |
| Tekjur umfram gjöld | 400.000 | |
| Scandinavian Journal of History - 139409 | | |
| INFORMA UK (Greiðsla frá SJH) | 144.230 | |
| Ragnheiður Kristjánsdóttir - ferðakostnaður | | 99.324 |
| Árgjald ICHS | | 87.992 |
| Bankakostnaður | | 1.600 |
| ALLS Scand. Journal | 144.230 | 188.916 |
| Gjöld umfram tekjur | | -44.686 |
| Ráðstefnur Sagnfræðistofnunar | | |
| Á núlli í árslok | | |

| Fjárhags- og lagerstaða bóka Sagnfræðistofnunar hjá Háskólaútgáfu 1. janúar 2019 | | | | | | | | | | | | |
|--|--------------|---------|---------------------|---------------|------------|-------------|----------------------|----------------|--------------|----------------------|----------------|-----|
| | Staða f. ári | Aðkeypt | Innb.vibsk. (gjöld) | Fyrning eigna | Útgj.samt. | Stykir sala | Innb.vibsk. (tekjur) | Tekjur samtals | Staða ársins | Staða í lok tímabils | | |
| | 31.12.2017 | | | | | | | | Áramót 2018 | 2019 | Álager 31.12.2 | |
| U199453 - Aldamótakonur og Íslensk listvakning | 19.367 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 19.367 | 0 | 0 |
| U199457 - Vesturfaraskrá | 489.309 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 489.309 | 0 | 0 |
| U199717 - Menntun, ást og sorg. | -26.033 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | -26.033 | 0 | 0 |
| U200029 - Dulsmál | 11.970 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 11.970 | 0 | 0 |
| U200031 - Vísnað Guðbrands | 1.576 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1.576 | 0 | 0 |
| U200233 - Íslenska söguþingið 2002 1.bindi | -41.694 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | -41.694 | 0 | 0 |
| U200233S - Íslenska söguþingið 2002 2.bindi | -41.645 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | -41.645 | 0 | 0 |
| U200338 - Lofræða um handritamergð | 45.222 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 45.222 | 0 | 0 |
| U200346 - Framtíð handan hafs | -22.934 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | -22.934 | 0 | 0 |
| U200411 - Alþýðumenning á Íslandi 1830 - 1930 | 60.648 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 60.648 | 0 | 0 |
| U200438 - Fiskurinn sem munkunum þótti bestur | -36.037 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | -36.037 | 0 | 0 |
| U200442 - Sagnfræði á 20. öld | 239.532 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 239.532 | 0 | 0 |
| U200514 - Bárán rís og hnígur | -77.383 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | -77.383 | 0 | 0 |
| U200651 - Við brún nýs dags | 945 | 0 | 0 | 0 | 0 | 3.060 | 0 | 3.060 | 3.060 | 4.005 | 0 | 0 |
| U200717 - Patroner, klienter och vänner / Sagnfræðistofnun | -47.103 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | -47.103 | 0 | 0 |
| U200718 - Kvinnor och politik / Sagnfræðistofnun | -42.482 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | -42.482 | 0 | 0 |
| U200719 - Encountering Foreign Worlds / Sagnfræðistofnun | -138.226 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | -138.226 | 0 | 0 |
| U200744 - Íslands- og Reykjavíkuvikmyndir 1916-1966 / Sagnfræði | -42.351 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | -42.351 | 0 | 0 |
| U200821 - Bókabylling á 18. öld. / Sagnfræðistofnun | -79.828 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | -79.828 | 0 | 0 |
| U200903 - Búskapur og rekstur í Reykholti / Sagnfræðistofnun | 126.000 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 126.000 | 4 | 4 |
| U201109 - Nútímans konur - Erla Hulda Halld./Sagnfræðistofnun | 123.989 | 0 | 0 | 0 | 0 | 5.468 | 0 | 5.468 | 5.468 | 129.457 | 54 | 54 |
| U201115 - Af fornum lögum og sögum - Sveinbjörn Rafnsson Sagnfræði | -74.834 | 0 | 0 | 0 | 0 | 3.978 | 0 | 3.978 | 3.978 | -70.856 | 135 | 135 |
| U201241 - Dagar vinnu og vona - Ábm. Sagnfræðistofnun | 9.170 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 9.170 | 47 | 47 |
| U201339 - Retrenchment or renewal. Áb. Sagnfræðistofnun | -18.261 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | -18.261 | 29 | 29 |
| U201512 - Saga Breiðafjarðar I. Áb. Sagnfræðistofnun | -32.393 | 0 | 0 | 0 | 0 | 6.910 | 0 | 6.910 | 6.910 | -32.809 | 38 | 38 |
| U201525 - Gullfoss - Áb. SVF og Sagnfræðistofnun | -12.865 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | -12.865 | 2 | 2 |
| U201633 - Um Snorra Eddu og Munkagaman - Áb. Sagnfræðistofnun | -258.433 | 8.334 | 0 | 0 | 8.334 | -54.810 | 0 | -54.810 | -63.144 | -327.667 | 79 | 79 |
| U201634 - Historical Account of a Revolution - Áb. Sagnfræðistofnun | -397.143 | 8.334 | 0 | 0 | 8.334 | -26.650 | 0 | -26.650 | -34.984 | -436.842 | 6.150 | 18 |
| U201835 - Hugmyndaheimur Páls Briem - Áb. Sagnfræðistofnun | 0 | 227.081 | 500.000 | 0 | 727.081 | 0 | 3.178.866 | 3.178.866 | 2.451.785 | 2.451.785 | 0 | 0 |
| U201837 - Af hverju strái - Sagnfræðirannsóknir Árni Daníel Júlíusson | 0 | 592.640 | 673.370 | 0 | 1.266.010 | 577.901 | 0 | 577.901 | -688.109 | -688.109 | 80.332 | 44 |
| | | | | | | | | | | 1.404.916 | 86.482 | |